



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

UNGIR EINLEIKARAR

15. JANÚAR 2013





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

 **LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**
Iceland Academy of the Arts

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verður þeim útvarpað á Rás 1 á sumardaginn fyrsta. Upptaka frá tónleikunum er aðgengileg í tvær vikur frá sumardegnum fyrsta á www.ruv.is.

Söngtextar eru á bls. 13.

Áætluð tímalengd verka:

Píanókonsert eftir Poulenc: 21'00"

Sellókonsert í a-moll eftir Schumann: 26'00"

The trumpet shall sound eftir Händel: 09'00"

Máninn líður eftir Jón Leifs: 02'00"

La vendetta eftir Mozart: 04'00"

Fiðlukonsert í D-dúr eftir Tsjajkovskij: 35'00"

BAKHJARLAR:

vís

 **GAMMA**

UNGIR EINLEIKARAR

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 15. JANÚAR 2013 » 19:30

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri
Einar Bjartur Egilsson einleikari
Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir einleikari
Unnsteinn Árnason einsöngvari
Sólveig Steinþórsdóttir einleikari

Francis Poulenc *Píanókonsert í cis-moll, FP 146 (1949)*
Allegretto
Andante con moto
Rondo à la Française – presto giocoso

Robert Schumann *Sellókonsert í a-moll, op. 129 (1850)*
Nicht zu schnell
Langsam
Sehr lebhaft

Hlé

Georg Friedrich Händel *Behold I tell you a mystery (1742)*
The trumpet shall sound
Úr Messíasi, Part the Third

Jón Leifs *Máninn líður, vögguvísa (1929)*
Úr Tveimur söngvum, op. 14a

Wolfgang Amadeus Mozart *La vendetta (1786)*
Úr Brúðkaupi Fígarós, K. 492

Þjotr Tsjaikovskíj *Fíðlukonsert í D-dúr, op. 35 (1878)*
Allegro moderato
Canzonetta: Andante
Finale: Allegro vivacissimo

Einleikarakeppni LHÍ og SÍ

Á hverju hausti fer fram keppni meðal ungra einleikara um að koma fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Að þessu sinni fór keppnin fram 27. október í Listaháskóla Íslands. Tíu nemendur tóku þátt og báru fjórir sigur úr býtum sem leika hér í kvöld. Dómnefnd skipuðu: Karólína Eiríksdóttir, formaður, Bernharður Wilkinson, hljómsveitarstjóri, Sigrún Hjálmtýsdóttir, söngvari, Auður Hafsteinsdóttir, fiðluleikari, Bryndís Halla Gylfadóttir, sellóleikari og Helga Bryndís Magnúsdóttir, píanóleikari.

Ritun í tónleikaskrá:

Ritun texta í tónleikaskrá Ungra einleikara var í höndum einleikaranna sem koma fram á tónleikunum í dag.

Ljósmyndir í tónleikaskrá:

Grímur Bjarnason.



Bernharður Wilkinson

hljómsveitarstjóri

Bernharður Wilkinson hóf tónlistarferil sinn sem kórdrengur við Westminster Abbey í Lundúnum. Hann kom til Íslands árið 1975 að loknu námi í flautuleik við Royal Northern College of Music og réðst til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Bernharður hefur verið búsettur í Færeyjum um nokkurra ára skeið en hefur verið mikilvirkur í íslensku tónlistarlífi sem kennari, flytjandi og stjórnandi. Hann kenndi um árabíl við Tónlistarskólann í Reykjavík og var einn af stofnfélögum Blásarakvintetts Reykjavíkur. Orðstír Bernharðs sem stjórnanda vex stöðugt. Hann hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveit æskunnar, Lúðra-sveit æskunnar og Kammersveit Reykjavíkur. Hann stjórnaði einnig sönghópnum Hljómeyki um árabíl og var aðstoðar-hljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá 1999 til 2003. Hann stjórnaði frumflutningi á fyrstu sífóníu Færeyinga, sífóníu eftir Sunleif Rasmussen, sem síðar hlaut Norrænu tónlistarverðlaunin og fyrstu færeysku óperunni, *Í Ódamansgardi* eftir Rasmussen. Bernharður stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands í hljóðritun BIS á flautukonserti Hauks Tómassonar sem hlaut Midem-verðlaunin í Cannes árið 2006. Bernharður var stjórnandi á tónleikum Páls Óskars og Sinfó og tónleikum Sigríðar Thorlacius og Sigurðar Guðmundssonar ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands sem nutu eindæma vinsælda. Bernharður hefur undanfarin ár stjórnað árlegum nýárstónleikum í Norræna húsinu í Færeyjum þar sem virtir einsöngvarar og einleikarar koma fram en þessir tónleikar njóta mikilla vinsælda í Færeyjum og hafa meðal annars verið teknir til sýninga í Ríkissjónvarpinu.



Einar Bjartur Egilsson

píanóleikari

Einar Bjartur Egilsson er 24 ára gamall, fæddur 8. mars 1988. Einar lærði í Tónlistarskólanum í Reykjahlíð frá 1995 hjá Wolfgang Tretzsch og Sigríði Þ. Einarsdóttur. Árið 1997 fluttist hann til Reykjavíkur og hóf nám í Tónskóla Sigursveins D. Kristinsonar. Þar voru kennarar hans Guðríður St. Sigurðardóttir og Anna Málfríður Sigurðardóttir. Árin 2006 og 2009 tók hann sér árs hlé frá píanónámi. Haustið 2010 byrjaði hann svo í Listaháskóla Íslands með píanó sem aðalhljóðfæri. Kennari hans er Peter Máté. Hann stefnir á að ljúka bakkalágráðu nú í vor. Einar tók þátt í Píanókeppni EPTA árin 2003 og 2012. Hann hefur sótt ýmis meistaranámskeið, meðal annars hjá Albert Mamriev, Domenico Codispoti, Martin Berkofsky og Håkon Austbø. Hann hefur einnig verið meðlimur í tangósveitinni Tango Mate sem hefur haldið nokkra tónleika.



Geirprúður Anna Guðmundsdóttir

sellóleikari

Geirprúður Anna Guðmundsdóttir fæddist árið 1994. Hún hóf sellónám 5 ára gömul undir handleiðslu Gunnars Kvaran. Árið 2008 hóf hún nám við Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem hún hefur lært hjá Gunnari Kvaran og Sigurgeiri Agnarsyni. Hún hefur tekið virkan þátt í kammersúsík skólans og má þar helst nefna strengjakvartettinn Sólstafi sem hún skipar ásamt þremur öðrum nemendum skólans. Kvartettinn er handhafi farandgrips Nótunnar sem veittur er fyrir bestan flutning á árlegri uppskeruhátíð tónlistarskólanna. Geirprúður hefur tvisvar gegnt stöðu leiðara í Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands og síðastliðið sumar leiddi hún sellódeild Orkester Norden. Hún hefur sótt meistaranámskeið hjá ýmsum sellóleikurum, meðal annars Hans Jørgen Jensen, Erling Blöndal Bengtsson, Carole Sirois, Bryndísi Höllu Gylfadóttur og Erkki Lahesmaa. Í desember lauk Geirprúður stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík lýkur hún í vor.



Unnsteinn Árnason

barítón

Unnsteinn Árnason baritónsöngvari er 21 árs. Í janúar 2008 hóf hann nám við Söngskólann í Reykjavík og naut þá leiðsagnar Alexanders Ashworth. Frá maí 2009 hefur hann lært söng og notið leiðsagnar Garðars Thors Cortes. Unnsteinn lauk 8. stigsprófi síðastliðið vor og stefnir að burtfaraprófi í vor. Þann 11. apríl síðastliðinn hlaut hann þann heiður að vera einn af þremur sem fengu styrk úr minningarsjóði Vilhjálms Vilhjálmssonar fyrir framúrskarandi árangur í söng. Unnsteinn hefur tekið þátt sem einsöngvari í ýmsum verkefnum og uppfærslum og má þar nefna *Fairy Queen* með nemendaóperu söngskólans, *Messías* eftir Händel með Kór Langholtskirkju, *Herz und Mund und tat und leben* eftir J.S. Bach og *Magnificat* eftir Mendelssohn með kór Seltjarnarneskirkju.



Sólveig Steinþórsdóttir

fiðluleikari

Sólveig Steinþórsdóttir er fædd árið 1995. Hún hóf fiðlunám þriggja ára gömul hjá Lilju Hjaltadóttur við Allegro Suzuki-tónlistarskólann. Frá haustinu 2008 hefur hún verið nemandi Guðnýjar Guðmundsdóttur, í Tónlistarskólanum í Reykjavík frá 2009. Sólveig hefur sótt mörg námskeið, síðast í Meadowmount School of Music í Bandaríkjunum. Hún hefur sótt einkatíma eða meistaranámskeið meðal annars hjá Sif Tulinius, Ara Vilhjálmssyni, Elfu Kristinsdóttur, Sigrúnu Eðvaldsdóttur, Sigurbirni Bernharðssyni, Christian Tetzlaff, Roland Vamos og Rachel Barton. Sólveig hefur meðal annars leikið með Ungsveit SÍ, Hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík (HTR), Ungfónú og Valdres Sommersymfoni. Hún hefur komið fram sem einleikari með SÍ á jólatónleikum árið 2009 og 2011 og með HTR árið 2010. Sólveig sigraði í flokknum einleiksatriði á framhaldsstigi í Nótunni, uppskeruhátíð tónlistarskólanna vorið 2011, og með strengjakvartett í flokknum samspilsatriði á framhaldsstigi árið 2012. Sólveig er nemandi í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

Francis Poulenc

Píanókonsert í cís-moll, FP 146

Franska tónskáldið Francis Jean Marcel Poulenc (1899–1963) tilheyrði hópnum *Les Six* sem samanstóð af sex frönskum tónskáldum. Tónlist þeirra var einhvers konar andsvar við tónlist Richards Wagner og impressjónistanna Debussy og Ravel. Þrátt fyrir það var Debussy eitt eftirlætistónskáld Poulencs. Tónlist Poulencs er að mestu leyti hljómræn og bundin tóntegundum þótt hann noti gjarnan krómatiskt breytta hljóma. Tónlist hans er þéttskipuð ljóðrænum laglínunum sem koma vel í ljós í söngtónlist hans. Píanókonsertinn er engin undantekning frá þessu.

Konsertinn er saminn árið 1949 fyrir Sinfóníuhljómsveitina í Boston sem bauð tónskáldinu þóknun fyrir. Poulenc var sjálfur í einleikarahlutverkinu 6. janúar 1950 þegar hljómsveitin frumflutti píanókonsertinn. Poulenc segir: „Til mótvægis við fræga konserta fortíðarinnar, sem krefjast gífurlegrar tæknifærni, ákvað ég að semja konsert í léttum dúr, einskonar minjagrip um París.“ Í konsertinum koma fram helstu einkenni Poulencs svo sem margar og fjölbreyttar laglínur, miklar andstæður og örar skapsveiflur.

1. kaflinn, *Allegretto*, byrjar í cís-moll með upptakti frá píanóleikaranum. Píanóleikari og hljómsveit skiptast á að leika laglínur meðan hinn aðilinn leikur undir. Í miðjum kaflanum hægir skyndilega á, þar sem blásarar og píanó talast við. Upphafsstefið tekur síðan aftur við og kaflanum lýkur á hröðum niðurlagskafla í Cís-dúr.

2. kaflinn, *Andante con moto*, byrjar líkt og kyrrlátt sumarkvöld. Syngjandi laglínun heyrir fyrst í hljómsveitinni svo í píanóinu. Spennuþrungnir kaflar skiptast á við hæga laglínuna. Kaflinn nær hámarki í kröftugum hljómunum sem mynda andstæðu við upphafslaglínuna. Niðurlagskaflinn sveiflast á milli dúr og moll.

Lokakaflinn *Rondo à la Française – presto giocoso* er fjöruður og samanstendur af mörgum mismunandi laglínunum. Meðal annars hljómar stef úr sálminum *Old Folks at home* eftir Stephen Foster ásamt brasilískum „maxixe“ rytma. Upphafsstefið endurtekur sig og tengir saman síbreytilega þætti kaflans. Verkið gufar svo að segja upp í lokin á krómatisikum tónstiga.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Engar heimildir eru til um það að Píanókonsert í cís-moll hafi verið leikinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands áður. Hljómsveitin hefur hins vegar flutt konsert fyrir tvö píanó í d-moll eftir Poulenc tvisvar sinnum. Fyrst árið 1999 undir stjórn Zouhuangs Chen þar sem Anna Guðný Guðmundsdóttir og Helga Bryndís Magnúsdóttir léku á píanóin og síðar árið 1972 undir stjórn Jean-Pierres Jacquillat þar sem Halldór Haraldsson og Rögnvaldur Sígurjónsson voru í hlutverkum einleikaranna.

Sellókoncert í a-moll, op. 129

Robert Schumann

Robert Schumann fæddist í Saxlandi árið 1810 og lést í Endenich árið 1856. Hann samdi sinn eina sellókoncert árið 1850, stuttu eftir að hann og fjölskylda hans fluttu til Düsseldorf. Schumann flutti þangað árið 1850 og tók þar við störfum sem tónlistarstjóri borgarinnar. Fyrstu ár hans þar reyndust afar ánægjuleg en brátt kom ljós að tónskáldinu fórst mun betur úr hendi að semja tónlist en að stjórna henni. Geðheilsa hans var viðkvæm, hann reyndist oft skapstyggur auk þess sem ýmsar ofskynjanir tóku að trufla tilveru hans tiltakanlega. Hamingjuárin í Düsseldorf reyndust því fá og árið 1853 var hann beðinn að segja upp stöðu sinni. Í febrúar 1854 reyndi hann að fremja sjálfsmorð með því að kasta sér út í Rínarfljót og var þá lagður inn á geðveikrahæli í Endenich, þar sem hann dó tveimur og hálfu ári síðar. Fyrstu ár hans í Düsseldorf einkenndust þó af gífurlegum sköpunarkrafti. Hann samdi sellókoncertinn á aðeins 15 dögum í október 1850 og árið 1851 samdi hann meðal annars *Rínarsinfóníuna* og tvær fiðlusónötur.

Sellókoncertinn er mjög innhverft og íhugult verk og bregður um margt út af hefðbundnum stíl rómantískra konserta. Virtúósataeknin, sem oftast er í brennidepli í rómantískum konsertum, er ekki eins áberandi í þessum konsert sem beinir athygli áheyranda frekar að tjáningu tónlistarinnar en að snilldartækni einleikarans. Schumann hafði óbeit á fagnaðarlátum milli kafla og því samdi hann þennan konsert þannig að spilað væri í gegnum alla þrjá kaflana án hlés. Fyrsti kaflinn, *Nicht zu schnell*, er lengstur og tjáningarmestur. Hann hefst á einföldum hljóðum í blásurum og eftir það fer einleikarinn með hið afar tjáningarríka aðalstef. Í kaflanum skiptast á léttir hlutar og dramatísk og ástríðufull stef. Annar kaflinn, *Langsam*, er lýrískur og blíður og leiðir svo yfir í ólgandi *animato*-kafla þar sem stutt kadensa myndar brú yfir í þriðja kaflann, *Sehr lebhaft*. Hann er léttur og lífflegur og myndar því skemmtilega andstæðu við fyrri kaflana. Þessum glæsta konsert lýkur svo á flaumi brotinna hljóma sem þjóta um allt raddsvið sellósins.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Sellókoncertinn í a-moll hefur verið leikinn af mörgum af dádústu sellóleikurum landsins. Má þar nefna Sigurgeir Agnarsson sem lék konsertinn árið 1995, Bryndísi Höllu Gylfadóttur 1990 og Gunnar Kvaran 1978. Jafnframt lék Erling Blöndal Bengtsson konsertinn árið 1994 undir stjórn Ricos Saccani.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Síðastliðin tvö ár hefur

Sinfóníuhljómsveit Íslands flutt

Messías á aðventutónleikum

sveitarinnar. Árið 2011 undir stjórn

Matthews Halls og 2012 undir stjórn

Nicholas Kraemer. Í bassahlutverkum

voru þeir Matthew Brook árið 2011 og

Roderick Williams 2012.

Georg Friedrich Händel

Behold I tell you a mystery

The Trumpet shall sound

Georg Friedrich Händel (1685–1759) fæddist í Halle í Þýskalandi. Hann starfaði sem tónskáld, fiðlu- og orgelleikari. Hann hlaut góða menntun og reyndi fyrir sér í laganámi áður en hann sneri sér alfarið að tónlistinni. Händel var afkastamikill tónskáld og samdi fjölbreytta tónlist. Eftir hann liggja um 40 óperur, einleiksverk fyrir óbó og orgel og nokkrar óratóriur. Sönglesið *Behold I tell you a mystery* og arían *The trumpet shall sound* eru úr *Messíasi* einu frægasta tónverk heims. Í *Messíasi* er sagt frá boðun, fæðingu og krossfestingu Krists á hrifandi og dramatískan hátt.

Jón Leifs

Máninn líður, vögguvísa

Á síðustu árum hefur **Jón Leifs** (1899-1968) „notið sífellt meiri viðurkenningar sem eitt athyglisverðasta og frumlegasta tónskáld íslenskrar tónlistarsögu. Hann var einn af frumkvöðlunum í íslenskum tónsmíðum á fyrri hluta tuttugustu aldarinnar, og reyndi fyrstur íslenskra tónskálda að sameina í verkum sínum mið-evrópska tónlistarhefð og eiginleika íslenska þjóðlagsins. Verk Jóns áttu litla samleið með þeim straumum og stefnum sem ríktu í íslenskum tónsmíðum á fyrri hluta aldarinnar, enda var verkum hans, einkum þeim stærri, oft tekið með fálæti á Íslandi meðan hann lifði.“ (Á.H.I 1. maí 1999). Þó stíll Jóns Leifs sé frumstæður og tónlist hans stundum harkaleg er *Máninn líður* fallett, rólegt lag en um leið drungalegt og kaldhamrað.

Wolfgang A. Mozart

La vendetta

Wolfgang A. Mozart (1756-1791) fæddist í Salzburg inn í mikla tónlistarfjölskyldu en faðir hans var fiðluleikari og tónskáld og eldri systir hans píanóleikari. Þó að hann hafi einungis náð 35 ára aldri samdi hann yfir 600 verk. Mozart samdi í nær öllum stíltegundum sem tíðkuðust á klassíska tímabilinu. Eitt af þekktustu verkum hans er serenaðan, *Eine kleine Nachtmusik*. *La vendetta* úr *Brúðkaupi Fígarós* á sér stað í kastala greifans Dr. Bartolo sem hatar Fígaró vegna þess að hann kom í veg fyrir að Bartolo myndi giftast greifynjunni Rosinu. Í ariunni lýsir greifinn því að hann muni gera hvað sem er til að hefna sín á Fígaró.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Þættir úr *Brúðkaupi Fígarós* hafa margoft verið fluttir af Sinfóníuhljómsveit Íslands. Enginn hluti verksins hefur þó oftast verið leikinn á tónleikum hljómsveitarinnar en forleikurinn. Fyrst flutti hljómsveitin þætti úr *Brúðkaupinu* í Þjóðleikhúsinu árið 1954 undir stjórn Róberts A. Ottósonar. Árið 1983 söng Kristinn Sigmundsson ariú greifans undir stjórn Gabriels Chmura og 1979 söng Prey Hermann sömu ariú undir stjórn Jean-Pierres Jacquillat.

Pjotr Tsjajkovskíj

Fiðlukonsert í D-dúr, op. 35

Pjotr Iljítj Tsjajkovskíj (1840-1893) er eitt þekktasta tónskáld síðari hluta 19. aldar. Hann hafði ungur mikinn áhuga á tónlist og lék af fingrum fram á píanó. Engu að síður var hann sendur í lögfræðinám og gat aðeins sinnt tónlistarnáminu í frístundum. Loks sagði hann upp störfum við dómsmálaráðuneytið í Pétursborg og helgaði sig tónlist og var skipaður prófessor í hljómfraeði við tónlistarháskólann í Moskvu árið 1865.

Tsjajkovskíj átti ætíð við þunglyndi að stríða. Þegar hann samdi fiðlukonsertinn árið 1878 dvaldi hann við Genfarvatn til að jafna sig eftir misheppnað hjónaband. Með honum var fiðluleikarinn Josef Kodek og naut Tsjajkovskíj leiðsagnar hans við skrif konsertsins enda ekki fiðluleikari sjálfur. Kodek neitaði þó að frumflytja konsertinn því hann taldi að honum yrði illa tekið og gæti skemmt feril sinn. Áður hafði fiðluleikarinn Leopold Auer beðist undan að frumflytja verkið sem hann taldi „óspilandi“. Þegar konsertinn var loksins frumfluttur árið 1881 var honum misjafnlega tekið. Þekktur gagnrýnandi sagði konsertinn langan og tilgerðarlegan og að ekki væri spilað á fiðluna heldur væri hún lamin í klessu! Engu að síður er konsertinn nú meðal þekktustu fiðlukonserta tónlistarsögunnar.

Fyrsti kaflinn, *Allegro moderato*, hefst á því að 1. fiðla kynnir það sem er í vændum. Eftir stutt tutti og stutta grípandi kadensu frá einleikaranum kynnir einleiksfiðlan gullfallett stef við látlausan undirleik sem bregður fyrir í ýmsum myndum í gegnum allan kaflann. Annar kaflinn, *Canzonetta*, sem þýðir lítið lag, einkennist af mikilli ró og yfirvegum. Einleikarinn og strengjasveitin nota dempara sem gefur draumkenndan blæ. Þegar einleiksfiðlan lýkur sínu hlutverki heldur hljómsveitin áfram og fíkrar sig á slóðir þar sem erfitt er að sjá hvert stefnir en þá byrjar þriðji kaflinn skyndilega. Þriðja kaflanum, *Finale*, má lýsa sem spennandi og virtúósisku rondói. Snemma í kaflanum kynnir einleiksfiðlan aðalstef kaflans sem snýr alltaf aftur og aftur. Kaflinn er mjög hraður og einleiksfiðlan fær lítið frí!

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Fiðlukonsertinn í D-dúr hefur verið fluttur af mörgum virtum fiðluleikurum ásamt Sinfóníuhljóm-sveit Íslands. Elva Rún Kristinsdóttir lék konsertinn 2003, Sigrún Eðvaldsdóttir 1997 og 1994, Unnur María Ingólfssdóttir 1981 og árið 1970 lék Itzhak Perlman konsertinn undir stjórn Daniels Barenboim.

**[Söngles] Behold, I tell you a mystery
Úr „Messiah“**

Behold, I tell you a mystery; we shall not all sleep,
but we shall all be changed in a moment, in the
twinkling of an eye, at the last trumpet.
(I Corinthians 15:51)

[Aría] The trumpet shall sound

The trumpet shall sound, and the dead shall be
raised incorruptible, and we shall be changed.
For this corruptible must put on incorruption
and this mortal must put on immortality.
(I Corinthians 15:52)

**La vendetta
Úr „Le Nozze di Figaro“**

La vendetta, oh, la vendetta!
È un piacer serbato ai saggi.
L'obliar l'onte e gli oltraggi
è bassezza, è ognor viltà.
Con l'astuzia...coll'arguzia...
col giudizio...col criterio...
si potrebbe...il fatto è serio...
ma credete si farà.
Se tutto il codice dovessi volgere,
se tutto l'indice dovessi leggere,
con un equivoco, con un sinonimo
qualche garbuglio si troverà.
Tutta Siviglia
conosce Bartolo:
il birbo Figaro
vostro sarà.

Lorenzo Da Ponte

**Sjá, ég segi yður leyndardóm
Úr „Messíasi“**

Sjá, ég segi yður leyndardóm: Vér munum
ekki allir sofna, en allir munum vér umbreytast
í einni svipan, á einu augabragði, við hinn síðasta lúður.
(Fyrri Korintubrэф 15:51)

Því lúðurinn mun gjalla

Því lúðurinn mun gjalla og þá munu hinir dauðu
upp rísa óförgengilegir, og vér munum umbreytast.
Þetta förgengilega á að íklæðast óförgengileikanum
og þetta dauðlega að íklæðast ódauðleikanum.
(Fyrri Korintubrэф 15:52)

Máninn líður

Máninn líður.
Dauðinn ríður.
Skuggar gráir hljótt yfir hjarnið sveima.
Gaman er um gæfu horfna að dreyma.
Máninn líður.

Jóhann Jónsson

**Hefndin
Úr „Brúðkaupi Fígarós“**

Hefndin, ó, hefndin
er úrræði fyrir hina kláru
Að gleyma hinu liðna
er svívirðing, og algjör heigulsháttur.
Með því að vera skarpur... með því að vera sniðugur...
með góðri dómgreind...
ég mun... málið er alvarlegt...
en trúðu mér þetta verður gert.
Ég þvæli nú út öllu lagasafninu og
ef ég les allt efnisyfirlitið
með margræðum hætti og með því að nota flókin orð
með slíku bulli sem ég get fundið uppá.
Öll borgin
kynnist þið Bartolo:
þrjóturinn Fígaró
verður sigraður.

Íslenska þýðing gerði Unnsteinn Árnason

Hljómsveit á tónleikum

15. janúar 2013

1. FIÐLA

Sif Margrét Tulinius
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Júliana Elín Kjartansdóttir
Rut Ingólfsdóttir

2. FIÐLA

Ari Þór Vilhjálmsson
Roland Hartwell
Pálína Árnadóttir
Þórdís Stross
Margrét Þorsteinsdóttir
Mark Reedman
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Guðrún Þórarinsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Sarah Buckley

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir M
Lovísa Fjeldsted
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Páll Hannesson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson

FAGOTT

Brjánn Ingason
Darri Mikaelsson

HORN

Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

PÁKUR

Eggert Pálsson

Á DÖFINNI



MAHLER OG BERNSTEIN

Fimmtudaginn 24. janúar kl. 19:30

Föstudaginn 25. janúar kl. 19:30

Leonard Bernstein markaði djúp spor í menningu Bandaríkjanna á 20. öld. Sjálfur var Bernstein gyðingur og hafa mörg verka hans skírskotun til gyðingatrúar. Svo er einnig farið með *Chichester Psalms* sem byggja á Davíðssálmum en eru sungnir á hebresku. Þrátt fyrir trúarlegan þunga textans er tónverkið iðandi af lífi. Það var meðal annars fyrir tilstilli Bernsteins að verk Mahlers fengu þá athygli og viðurkenningu sem þeim bar. Um fyrstu símfóníu Mahlers hefur verið sagt að fá dæmi, ef nokkur, séu til um jafn fullburða frumraun tónskálds. Þorgerður Ingólfssdóttir hefur vakið athygli og aðdáun bæði innanlands og utan fyrir starf sitt með ungu fólki á tónlistarsviðinu. Undir hennar stjórn hafa Hamrahlíðarkórarnir komið fram á þúsundum tónleika.

Eivind Aadland hljómsveitarstjóri

Hamrahlíðarkórarnir

Þorgerður Ingólfssdóttir kórstjóri

SINFÓNÍAN Á MYRKUM

Fimmtudagurinn 31. janúar kl. 19:30

Tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar er mikilvægur vettvangur nýrrar og framsækinnar tónlistar hér á landi. Myrkir músíkdagar hafa verið starfræktir allt frá árinu 1980 og eru einn af föstum punktum íslenskrar tónlistarflóru. Á tónleikum Símfóníu-hljómsveitarinnar á Myrkum músíkdögum verða frumflutt þrjú tónverk eftir þá Gunnar Andreas Kristinsson, Davíð Brynjar Franzson og Pál Ragnar Pálsson sem eru af yngri kynslóð íslenskra tónskálda. Auk þess verður flutt verkið *Chevaux-de-frise* eftir írsku tónskáldið Gerald Barry. Verkið var pantað af BBC og vakti gríðarlega athygli þegar það var frumflutt á Proms-hátíðinni í London árið 1988.

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Una Sveinbjarnardóttir einleikari



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Einar Jóhannesson og fjórir klarínettukonsertar



Nýr hljómdiskur Sinfóníuhljómsveitar Íslands er kominn út.

Á nýjum hljómdisk flytur Einar Jóhannesson, einn fremsti einleikari landsins, fjóra klarínettukonserta með Sinfóníuhljómsveitinni eftir Mozart, Weber, Debussy og Jón Nordal. Hljómdiskurinn er hluti af útgáfuröð með helstu einleikum úr röðum hljómsveitarinnar og fæst hjá 12 Tónum í Hörpu og víðar.

Diskurinn er tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2012 í flokki klassískrar og samtímatónlistar. Sinfóníuhljómsveit Íslands og Einar Jóhannesson eru einnig tilnefnd sem flytjandi ársins í sama flokki.

